

# *Til aðila með ársskilamáta vegna ársins 1997*

Hjálagt fylgir virðisaukaskattsskýrsla vegna uppgjörs-  
tímabilsins 1997 með gjalddaga **16. mars n.k.**

**Greiðsluskýrslu** skal skila, ásamt greiðslu, til  
innheimtumanns ríkissjóðs, banka, sparisjóðs eða  
pósthúss.

**Inneignarskýrslu** skal skila beint til skattstjóra,  
ásamt ljósriti af ársreikningi eða skattframtali rek-  
straraðila vegna tekjuársins 1997 (gjaldársins 1998).  
Fylgi umrædd gögn ekki inneignarskýrslu má búast  
við því að skattstjóri hafni skýrslu og áætti  
virðisaukaskatt.

Hjálagt fylgir einnig orðsending vegna virðisauka-  
skatts nr. 1/1998, ásamt samanburðar- og leiðrétt-  
ingarskýrslum virðisaukaskatts (RSK 10.25 og RSK  
10.26).

Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts er fylgigagn  
með skattframtali. Þessari skýrslu þarf þó aðeins að  
skila ef ekki er notast við skattframtal rekstraraðila við  
uppgjör til tekju- og eignarskatts eða ef því er skilað  
með takmarkaðri útfyllingu. Sjá nánari upplýsingar á  
bakhlið eyðublaðsins.

Leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts skal skila ef  
breyting verður á forsendum ársskilamáta (t.d. ef  
skattskyld sala nær 800.000 kr. á almanaksári) eða ef  
leiðréttu þarf fyrri virðisaukaskattsskýrslu. Sjá nánari  
upplýsingar á bakhlið eyðublaðsins.

**Nánari upplýsingar veita virðisaukaskatts-  
skrifstofa ríkisskattstjóra í síma 563-1112  
og skattstjórar um land allt.**

**VIRÐISAUKASKATTSSKRIFSTOFA RÍKISSKATTSTJÓRA**